

einhvern rétt, og að hin almenna velferð útheimti, að hver um sig breyti eins og hann hafi almenn réttindi og almenna velferð fyrir augum. Skyldumeðvitundin er ekki hið sama og meðvitundin um boð og bann, um „þú skalt” og „þú skalt ekki”. Þeir sem fylgja í blindni viðteknu vanasiðferði geta haft mjög glögga meðvitund um boð og bönn, sem vaninn helgar. En sá sem hefir skyldumeðvitundina gerir ekki hið rétta í blindni, heldur vegna þess að hann veit, að samfélagið getur þá að eins þrífist og tekið framförum, er menn rækja skyldur sínar hver við annan; eða með öðrum orðum: Þegar hver og einn veit að hann hefir skyldur gagnvart heildinni, og vill rækja þær.

Þegar menn komast á þetta stig, hætta þeir að lifa og breyta samkvæmt vana, og fara að lifa og breyta samkvæmt lögum. Lög og reglur eru sett, sem eru fyrir ofan hvern einstakling; allir eiga að beygja sig fyrir þeim. Auðvitað hafa staða einstaklinganna í samfélaginu, völd og auður, mikil og marghátuð áhrif á þetta. En yfirleitt skapar skyldumeðvitundin samt fyrirkomulag, sem breytingar og framfarir eru mögulegar undir. Meðferð hertekinna manna á ófriðartímum er gott dæmi til að sýna áframhaldandi siðferðis framþróun bygða á meðvitund um skyldu gagnvart öðrum mönnum. Það virðist vera næstum algild regla meðal allra villimanna, að taka undantekningarlaust af lífi alla þá, sem nást af óvinunum. Þetta getur stafað af nauðsyn upprunalega; því þar sem hver ættbálkurinn lifir út af fyrir sig og á í sífeldum ófriði við þann næsta, er afar-árisðandi að enginn óvinur sé til innan flokksins. En með tímanum breytist þessi regla. Máske fyrst af hagsmunalegum ástæðum. Herteknir menn eru látnir halda lífi til að vera þrælur þeirra sem hafa sigrað þá. En svo er farið að líta á hertekna menn sem menn, er hafi réttindi. Það fer með tímanum að þykja rangt að svifta þá lífi eða selja þá í þrældóm. Fyr á tímum, eins og sjá má víða í sögunni, átti hertekinn maður engan rétt á sér; en nú verður hann hvergi meðal upplýstra þjóða sviftur frelsi sínu til lengdar, ámælislaust, hvað þá lífi. Þessi breyting í siðum á ófriðartímum og milli óvina stafar af því, að meðvitundin um persónuleg réttindi hvers manns til að halda lífi og